

MEÐAL EFNIS:

RAUNFÆRNIMAT Í
HOLLANDIÍSLENSKA LEIÐIN Í
RAUNFÆRNIMATI

DAGSKRÁ 2. MAÍ

NÝTT LÓGÓ SÆNS

HEIMASÍÐA SÆNS:

WWW.SAENS.HI.IS

HEIMASÍÐA ELGPN:

WWW.ELGPN.EU

Náms- og starfsráðgjöf í netheimum og raddir ráðþega

Mánudaginn 2. maí heldur Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf hálf dags ráðstefnu á Grand hóteli Reykjavík, í samstarfi við ELGPN, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Yfirskrift fundarins er Náms- og starfsráðgjöf í netheimum og raddir ráðþega.

ELGPN, European Lifelong Guidance Policy Network er samstarfsnet um stefnu í náms- og starfsráðgjöf en Ísland leiðir einn vinnupakka í samstarfinu ásamt Frökkum.

Aðaláherslan í þessum vinnupakka er á aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og kastljósinu er beint sérstaklega að notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UST) til að auka aðgengi að náms- og starfsráðgjöf en einnig er áhersla á raunfærnimat.

Fyrir ári síðan var haldinn fundur fyrir stefnu-mótendur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem erlendir gestir (Raimo Vuorinen, framkvæmdarstjóri ELGPN og Aled Williams sérfræðingur frá UK) úr ELGPN kynntu möguleika við að nýta UST í náms- og starfsráðgjöf. Í kjölfarið á þessum fundi hófst samstarf SÆNS við

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þar sem rætt var um möguleika á að sameina krafta, reynslu og þekkingu ýmissa hagsmunaaðila við þróun á heildstæðu upplýsinga- og samskiptakerfi um nám og störf. SÆNS sótti um og fékk styrk Starfsmenntaráðs til að gera þarfagreiningu og framkvæmdaráætlun um uppbyggingu kerfis hér á landi og mun **Guðrún Birna Kjartansdóttir**, verkefnisstjóri SÆNS kynna fyrstu niðurstöður á fundinum 2. maí. Þá mun **Aled Williams** kynna þróun á upplýsinga og ráðgjafakerfi í Bretlandi.

Arnar Þorsteinsson náms- og starfsráðgjafi kynnir ráðgjafarsíðu á netinu sem ætluð er náms- og starfsráðgjöfum í 10. bekk. Fulltrúi frá **Hinu Húsinu** kynnir Tótalráðgjöf fyrir ungt fólk. Einnig mun **Andrea Dofradóttir**, verkefnisstjóri SÆNS kynna niðurstöður úr norrænni rannsókn á röddum fullorðinna notenda sem hafa nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa (Voice of users).

Fundarstjóri verður **Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir** prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og stjórnarformaður SÆNS. Sjá upplýsingar um dagskrána á bakhlið Fréttabréfsins.

Nýtt lógo Sérfræðisetursins

Valgerður Pétursdóttir hannaði nýlega lógo fyrir Sérfræðisetrið:

SÆNS

Sérfræðisetur í ævilangri
náms- og starfsráðgjöf

Heimsókn til Hollands

Hluti af ELGPN starfinu er að fara í skipulagðar heimsóknir þar sem ákveðin mál sem tengjast aðgengi að náms- og starfsráðgjöf eru tekin fyrir. Fyrri heimsókn þessa tímabils var farin til Hollands þar sem þátttakendur fengu að kynnst raunfærnimati í Hollandi. Það er komin töluverð reynsla á raunfærnimat þar í landi en það er framkvæmt með öðrum hætti en til dæmis hér á Íslandi. Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf og Haukur Harðarson frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fóru til Hollands fyrir hönd Íslands. Haukur kynnti íslensku aðferðina við raunfærnimat fyrir hópnum og einnig var kynning á raunfærnimati á Spáni og auðvitað kynningar á hollensku leiðinni.

Farið var í heimsókn í menntamálaráðuneytið og er myndin hér til hliðar tekin við það tilefni.



BÆÐI
SPÁNVERJUM
OG
HOLLENDINGUM
STENDUR TIL
BOÐA NÁMS- OG
STARFSRÁÐGJÖF
ÞEGAR ÞEIR
UNDIRGANGAST
RAUNFÆRNIMAT,
EN HÚN ER EKKI
HLUTI AF
MATSFERLINU.

Raunfærnimat í Hollandi

Upphaf raunfærnimats í Hollandi má rekja aftur 10. áratugar síðustu aldar. Um aldamótin var tekin sú stefna að nota raunfærnimat sem tæki til eflingar í fyrirtækjum. Árin 2008-2010 fóru 90.000 manns í gegnum raunfærnimat.

Raunfærnimatið tekur 12 vikur þar af tekur gerð ferilmöppu 12-20 stundir. Um 100 fyrirtæki í Hollandi hafa leyfi til að framkvæma raunfærnimat. Þau eru sérhæfð eftir starfsgreinum, t.d. innan byggingariðnaðarins. Raunfærnimatið tekur þannig alltaf mið af tiltekinni atvinnugrein. Nú stendur til að meta fyrirtækin útfrá gæðum og þau sem koma best út fá starfsleyfi í 3 ár.

Auglýsing á raunfærnimati

Miklu máli skiptir að kynna þann möguleika sem raunfærnimatið er, þannig að fólk geti nýtt sér þessa þjónustu. Hollendingar hafa verið með öflugar kynningar í sjónvarpi þar sem fólk sést vaxa fyrir tilstilli raunfærnimats. Með því að slá inn leitarorðin accreditation of prior learning Holland, má sjá kynningar myndböndin. Að þessari kynningarherferð lokinni vissu 80% Hollendinga um raunfærnimatið.

Spánverjar kynnar raunfærnimat á nýjum vef: www.todofp.es þar sem þeir eru með kynningu á ferlinu.

Raunfærnimat og ráðgjöf — íslenska leiðin

Raunfærnimat og ráðgjöf eru samtvinnuðir þættir þegar kemur að framkvæmd raunfærnimats á Íslandi. Framkvæmd raunfærnimatsverkefna er á höndum símenntunarmiðstöðva og fræðslumiðstöðva iðngreina auk skóla þar sem það á við. Ráðgjöf er hluti af ferlinu eins og sjá má á yfirlitsmynd yfir raunfærnimatsferlið hér að neðan.

Hlutverk ráðgjafa í raunfærnimatsverkefnum er hægt að skipta í eftirfarandi þætti:

Í upphafi koma þeir að greiningu á því hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði (starfstíma, aldur) þess að gangast undir raunfærnimat, upplýsingagjöf um framkvæmd, hugsanlegan ávinning og upplýsa hvað sá sem fer í gengum matið þarf að leggja til. Einnig hefur verið lögð áhersla á að þeir sem ekki eiga erindi í raunfærnimat fái ráðgjöf um aðrar leiðir.

Þegar kemur að matinu sjálfu er hlutverk náms- og starfsráðgjafa tvíþætt


1. Að tryggja að matið sé hlutlaust og sanngjarnt.
2. Að veita einstaklingsbundinn stuðning þegar þörf er á.

Að loknu raunfærnimati er það hlutverk náms- og starfsráðgjafa að meta möguleika og ráðleggja út frá niðurstöðum raunfærnimats um nám eða aðra færniþróun.

Í töflunni hér að neðan má sjá niðurbrot á fjölda ráðgjafaviðtala í raunfærnimatsverkefnum sem tengjast iðngreinum. Árið 2010 voru það 3,55 viðtöl á hvern einstakling, að hluta er um að ræða hópráðgjöf sem felst í stuðning og leiðbeiningu við að útbúa færniöppu. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um raunfærnimat og ráðgjöf á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Ártal	Fjöldi einstaklinga	Heildarfj. ráðgj.viðtala v. raunfærnim	Meðaltak viðtala pr. einstakling	Meðaltal staðinna ein.
2010	269	955	3,55	30,1
2009	205	861	4,20	32,5

Niðurstöður úr raunfærnimati í iðngreinum





Náms- og starfsráðgjöf í netheimum og raddir ráðþega

Morgunverðarfundur Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SÆNS) í samstarfi við ELGPN, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, mánudaginn 2. maí á Grand hóteli Reykjavík, frá kl. 8-11.15.

Dagskrá:

- 8.00-8.15 Skráning og morgunmatur.
- 8.15-8.25 Opnunarávarp. Berglind Rós Magnúsdóttir, ráðgjafi mennta- og menningarmálaráðherra.
- 8.30-9.10 Using technologies to deliver careers information, advice and guidance in England. Aled Williams kynsir Next Step í Bretlandi.
- 9.10-9.20 Hvað segja hugsanlegir notendur á Íslandi um upplýsinga og ráðgjafakerfi? Guðrún Birna Kjartansdóttir, MA í náms- og starfsráðgjöf og verkefnisstjóri SÆNS.
- 9.20-9.35 Efling náms- og starfsfræðslu í grunnskólum. Getur tæknin hjálpað okkur? Arnar Þorsteinsson, náms- og starfsráðgjafi.
- 9.40-9.50 Kynning á Tótal ráðgjöf (totalradgjof.is). Fulltrúi ráðgjafarþjónustu Hins hússins.
- 9.50-10.10 Er hlustað á raddir fullorðinna ráðþega? Andrea G. Dofradóttir, cand. psych. Í sálfræði og verk efnisstjóri SÆNS.
- 10.10-11.00 Kaffi og umræður á borðum.
- 11.00-11.15 Samantekt og lokaorð.

Fundarstjóri: Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og stjórnarformaður SÆNS



EUROPEAN LIFELONG
GUIDANCE POLICY
NETWORK



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

SÆNS

Sérfræðisetur í ævilangri
náms- og starfsráðgjöf